

Mál nr. 125/2015
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar eiganda búfjár (X).

Tjón á bifreið þegar henni var ekið á hross 9. janúar 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 14. apríl 2015.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að bifreið M hafi verið ekið á hross í eigu X 9. janúar 2015 og hafi orðið tjón á bifreiðinni við áaksturinn.

M telur að X sem eigandi hrossins og tveggja annarra, sem sloppið hafi úr girðingu skömmu áður, beri ábyrgð á tjóni á bifreið sinni þar sem lausaganga hrossa hafi verið bönnuð í sveitarfélaginu. Tjónið hafi orðið í myrkri og V hafi, þrátt fyrir tilkynningu um tjónið strax, ekki kannað aðstæður fyrr en mörgum vikum eftir tjónið.

V vísar til gagna frá X í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 14. apríl sl., án þess að leggja þau gögn sérstaklega fram. Hjá V kemur fram að umrædd hross hafi verið í girðingu sem hafi verið skipt í tvö hólfi. Girðing neðra hólfsins hafi fennt í kaf en hrossin hafi slitið girðingu efra hólfsins og þannig sloppið út á veg án vitneskju X sem hafi ekki getað brugðist við þess vegna. Í bréfinu er einnig vísað til þess að X hafi kannað aðbúnað hrossanna nokkrum dögum áður vegna óróleika í þeim sökum flugelda. Þá hafi girðing verið í lagi og verði tjón M því ekki rakið til sakar X sem ekki hafi getað gert frekari ráðstafanir en hann gerði.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um hvort X, sem eigandi hrossa þar sem lausaganga búfjár er bönnuð, hafi tryggt vörslur hrossanna nægilega vel m.v. aðstæður. Verður þar að líta til þess sem tilgreint er í bréfi V og haft eftir X að óróleiki hafi verið í hrossum hans nokkrum dögum áður en tjónið varð. Það gefur til kynna að ástæða hafi verið til að fylgjast sérstaklega með hrossunum næstu daga á eftir. Sérstaklega þegar litið er til þess að ekki er hægt að skilja lýsingu V af aðstæðum öðruvísi en að hrossin hafi átt að vera innan tvöfaldrar girðingar, þ.e. í neðra hólfi sem hafi verið girt í kringum, sem hafi síðan verið girt með efra hólfinu. Það að snjóalög voru þannig að girðing neðra hólfs hafi fennt í kaf gerir vörslur órólegra hrossa ótryggari en ella. Það leggur frekari aðgæslukröfur á X sem eiganda þeirra og m.v. lýsingu af aðstæðum og þekkts óróleika telst X ekki hafa tryggt vörslur hrossanna nægilega vel í greint sinn. Telst hann því bera skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 8. maí 2015.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.